

131. löggjafarþing 2004–2005.  
Þskj. 888 — 594. mál.

## Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um Sægull ehf.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hverjir áttu fyrirtækið Sægull ehf. sem ráðherra greiddi 35 millj. kr. af söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar hinn 15. janúar 2003?
2. Hverjar eru helstu niðurstöður rannsókna sem gerðar voru í tengslum við barraeldi og áður nefndar 35 millj. kr. voru veittar til?
3. Hvaða vísindamenn og vísindastofnanir stóðu að framkvæmd þessara rannsókna?
4. Hafa niðurstöður rannsókna verið birtar í viðurkenndum vísindaritum, eða á öðrum vettvangi?

**Skriflegt svar óskast.**